



Alþingi Íslands
Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík 26. október 2022

Umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um þingsályktunartillögu um uppbyggingu geðdeilda

Hér er gefur að líta umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um þingsályktunartillögu um uppbyggingu geðdeilda. Þingsályktunin var áður lögð fram í mars 2021 en náði ekki brautargengi og sendi Geðhjálp umsögn þá líka. Umsögnin hér er í stórum dráttum sú sama og þá en þó uppfærð og endurbætt.

Landssamtökin Geðhjálp fagna þingsályktunartillögu um uppbyggingu geðdeilda landsins. Húsnæði geðsviðs Landspítalans (LSH) er að margra mati úr sér gengið og má segja að það hafi hvorki þróast í takt við framfarir né aðrar breytingar í málaflokknum. Geðdeildin við SAK er einnig komin til ára sinna og mikilvægt að færa hana til nútímahorfs einnig. Geðhjálp fagnar því einnig að horft sé til út fyrir landsteinana þegar kemur að fyrirmynd í hönnun og byggingu slíks húsnæðis. Það verður hins vegar að endurskoða hugmyndafræði meðferðar jafnhliða því án þess breytir litlu hvort húsnæðið verður endurnýjað eða ekki.

Geðhjálp tekur undir tillögu um að skipaður verði starfshópur til að vinna að málinu. Það er mikilvægt að í honum sitji frá upphafi vinnunnar fulltrúar notenda þjónustunnar en það hefur því miður viðgengist um árabil að undanskilja raddir notenda þegar kemur að ákvörðunum í kringum geðheilbrigðiskerfið.

Geðhjálp tók saman níu aðgerðir árið 2020 og lagði sem þurfi að ráðast í til þess að setja geðheilbrigðismál í forgang. Yfir 30 þúsund manns skrifuðu undir áskorun um að setja þessar aðgerðir

í forgang. Ein þessara aðgerða snýr að húsnæði geðsviðs þar segir: „Endurskoða hugmyndafræði og innihald meðferðar ásamt því að byggja nýtt húsnæði geðsviða LSH og SAK.

Hugmyndafræði og innihald meðferðar þarfnast endurskoðunar og færast nær 21. öldinni. Geðhjálp vill vera opin fyrir nýjungum við meðferð sem eru fjölmargar í löndunum í kringum okkur og má þar nefna lyfjalausar deildir, opna samræðu (Open dialogue), skjólhús o.fl. Áherslur Geðhjálpar miða að því að það heyri til undantekninga í framtíðinni að þurfa að leggjast inn á geðdeild en sé þess þörf verði þjónustan nútímaleg, þjónandi og framsækin. Húsnæði geðsviða LSH og SAK eru óhentug og löngu úr sér gengin. Mikilvægt að ráðast í úrbætur jafnhliða því sem hugmyndafræði er endurskoðuð.“

Afar mikilvægt er að mati Geðhjálpar að hugmyndafræði og breytt nálgun fái að ráða því hvernig nýtt húsnæðismál geðheilbrigðisþjónustu þróast. Að við nýtum tækifærið og tökum umræðuna um breytta hugmynda- og aðferðafræði og leyfum þeim löngu tímabæru framförum að ráða því hvernig húsnæðismálin vinnast. Geðhjálp vill vera opin fyrir nýjungum við meðferð sem eru fjölmargar í löndunum í kringum okkur og má þar nefna lyfjalausar deildir, nýja meðferðamöguleika er kemur að lyfjameðferð, aukið vægi notenda í eigin meðferð, aukna samfélagsþjónustu, endurhæfingu utan sjúkrahúsa, opna samræðu (Open dialogue) o.fl. Áherslur Geðhjálpar miða að því að það heyri til undantekninga í framtíðinni að einstaklingar þurfi að leggjast inn á geðdeild en sé þess þörf verði þjónustan nútímaleg og framsækin. Við höfum m.a. bent LSH á tækifærin sem liggja í yfirfærslu þekkingar, viðmóts og verkferla sem liggja á milli ólíkra deilda LSH því að flestra mati sem reynt hafa þjónustu geðsviðs og annarra sviða LSH er þar oft himinn og haf á milli ofangreindra þátta.

Húsnæði

Geðdeildir Landspítalans við Hringbraut eru staðsettar í byggingu sem notendur, aðstandendur og starfsfólk hafa gagnrýnt frá því að hún var tekin í gagnið árið 1979. Byggingin er barn síns tíma. Notendur voru ekki hafðir með í ráðum á neinum stigum framkvæmdarinnar. Útivistaraðstaða er nær engin og hönnun innanhúss, óhentug, köld og fráhrindandi. Það voru mikil vonbrigði að geðdeildirnar voru ekki teknar með við uppbyggingu nýs Landspítala.

Byggingar Landspítalans við Elliðarárvog (Kleppur) eru ágætt dæmi um stofnanamenningu 19. og 20. aldar. Það voru vonbrigði að ákveðið var að flytja réttargeðdeildina þangað frá Sogni og að ráðist hafi verið í uppbyggingu öryggisgeðdeildarinnar á sama tíma. Að fjárfesta hundruðum milljóna í „plástra“ á þessum tíma var aðeins til þess fallið að tefja framþróun í málaflokknum. Þessar deildir eru þær geðdeildir á Íslandi hvar fólk dvelur hvað lengst, í mánuði og jafnvel nokkur ár, og að slíkar deildir séu á annarri hæð í byggingum þar sem fjölbreytt önnur starfsemi fer fram er að okkar mati bæði tímaskekkja og vanvirðing við þjónustuþega. Íbúar í Laugarneshverfinu (sunnan Kleppsvegar) hafa í

nokkur ár kvartað undan hávaða og ónæði vegna athafnasvæðis Eimskipafélagsins við Sundahöfn. Starfsemi Landspítalans er ofan í þessu athafnasvæði sem gerir útvist notenda og meðferð þeirra erfiðri enda má ætla að ónæði sem notendur þjónustu Landspítala verða fyrir sé töluvert meira en íbúanna sem kvörtuðu sem eru 500 metrum lengra frá svæðinu. Hugmyndir um uppbyggingu Björgunarmiðstöðvar á svæðinu ættu einnig að þrýsta á að finna starfsemi geðsviðs Landspítalans nýja staðsetningu. Geðdeildin við SAK er einnig fyrir löngu komin á tíma eins og fram hefur komið stendur til að endurnýja deildir á Akureyri og þar með talið geðdeildina. Geðhjálp ítrekar aftur mikilvægi þess að leitað verði til notenda þjónustunnar í tengslum við alla þá vinnu á öllum stigum.

Hugmyndafræði

Um langt árabil hefur meðferð geðræns vanda að hluta til lotið öðrum lögmálum en önnur meðferð sem veitt er í heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Starfsmannavelta er mikil, deildirnar bornar uppi af ófaglærðu starfsfólki, skortur á sérhæfðum meðferðaraðilum er töluverður, meðferðin er einsleit og nýsköpun og framsækni lítil. Eftirlit með starfseminni virðist vera takmarkað, sýnileiki nær enginn og skráningar atvika í skötulíki. Inni á geðdeildum landsins er nauðung og þvingun daglegt brauð en eins og fram hefur komið við OPCAT eftirlit þá skortir bæði lagaheimildir fyrir þeim aðgerðum sem og að farið sé eftir gildandi lögum. Geðhjálpar hefur ítrekað kallað eftir tölulegum upplýsingum um þvingandi aðgerðir gagnvart notendum þjónustunnar en yfirsýn virðist því miður ekki vera fyrir hendi og því veit enginn með vissu hversu oft fólk er beitt nauðung og þvingun á deildum geðsviðs. Þegar kemur að nauðung og þvingun eru a.m.k. fjögur mismundandi lög sem fjalla um hugtökin fyrir utan stjórnarskrána. Það er því miður reynsla Geðhjálpar að þegar kemur að þessum lögum að starfsfólk á Landspítalanum þekki ekki til t.d. lög um lögræði og réttindagæslu og brjóti því lög vegna þekkingarleysis. Í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis á þrjár lokaðar deildir geðsviðs Landspítalans í október 2018, og aftur árið 2021, kom fram að mannréttindi notenda væru brotin þar nær daglega. Benti umboðsmaður á að lagaheimildir skorti. Umboðsmaður benti á ýmislegt annað m.a. að dagleg útvera væri ekki tryggð öllum sem liggja á þessum lokuðu deildum. Geðhjálpar tók undir þessar athugasemdir umboðsmanns en benti jafnframt á hugmyndafræði og meðferð sem eru lykilatriði þegar kemur að því að draga úr þvingun og nauðung á geðdeildum. Það var því Geðhjálpar vonbrigði að í stað þess að ráðast í endurskoðun á hugmyndafræði og meðferð auk þess að ráðast í byggingu nútímalegs meðferðarkjarna geðsviðs, þá hefur vinna heilbrigðisráðuneytisins einungis miðast við að lagfæra lögina svo það verði ekki lengur lögbrot að brjóta á réttindum notenda þjónustunnar.

Lyfjalausar deildir

Ein helsta ástæða nauðungar og þvingunar er þegar notandi þjónustu geðsviðs neitar lyfjameðferð. Það er þyngra en tárum tekur að hugsa til þess hve margir hafa verið beittir þvingaðri lyfjagjöf í gegnum

árin á geðdeildum landsins. Til Geðhjálpar leitar árlega fjöldi fólks sem er að vinna úr áföllum tengdum þeirri lífsreynslu að vera yfirbugað af starfsmönnum og sprautað með lyfjum sem það hafnar að taka. Í ofanálag er meðferð við geðrænum vanda talsvert einsleit á Íslandi sem einfaldar ekki stöðuna. Í löndunum í kringum okkur hefur krafan um fjölbreyttari leiðir og úrræði verið nokkuð hávær sl. tvo áratugi. Í Finnlandi og fjölda annarra landa er boðið upp á opna samræðu (Open dialouge) þar sem vinir og fjölskylda notandans taka þátt í meðferðinni en aðferðin gengur út á að skilja og hlusta í stað þess að afgreiða fólk sem afmarkað einstaklingsvandamál. Nýjustu nálganir eru að vinna með erfiðleika, áföll og áskoranir með því að styrkja seiglu fólks (MCT–metakognitive) í stað einkennamiðaðrar nálgunar. Víða hafa síðan lyfjalausar deildir (val um að taka lyf eða ekki) rutt sér til rúms auk vinnu með raddir.

Í Noregi, eftir sjö ára baráttu hagsmunafélaga notenda, var tekin ákvörðun um að opna lyfjalausar deildir í öllum þeim fylkjum landsins þar sem geðdeildir væru starfræktar. Geðhjálp hefur undanfarnar vikur verið í sambandi við bæði hagsmunasamtök og geðdeildir í Noregi þar sem boðið upp á þetta tilboð. Notendur tala um aukna fjölbreytni með tilkomu lyfjalausra deilda og minni átaka inni á deildunum. Fagfólk tekur undir þetta og telja breytinguna til hins betra og að mikilvægt sé að vinna áfram við að þróa úrræðið og auka fjölbreytnina. Ástæðurnar fyrir því að fólk vill ekki taka t.d. geðrofslyf tengist aukaverkunum og skaðlegum áhrifum lyfjanna til lengri tíma. Það sé því mikilvægt að leita allra leiða til þess að gefa notendum tækifæri á öðrum leiðum en einungis þeirri þar sem lyfin eru aðalatriðið. Skjólshús hafa einnig verið opnuð og vinna samhliða almennum geðdeildum. Þar starfa fagfólk og notendur. Fólk með eigin reynslu er stærsti hluti starfsfólksins. Þessi úrræði eru nýtt þegar fólk þarf að komast í skjól og vera á meðal jafningja vegna geðrænna erfiðleika en þarfnast ekki dýrra innlagna né sérfræðipjónustu.

Landssamtökin Geðhjálp telja afar mikilvægt að starfshópur verði skipaður hvar sjónarmið notenda og aðstandenda verða höfð að leiðarljósi. Verkefni hópsins verði:

- a) Ræða hugmyndafræði og framþróun þjónustunnar með það að leiðarljósi að breytt nálgun ráði þróun húsbygginga. Slíka vinnu er auðvelt að tengja við gerð nýrrar geðheilbrigðisáætlunar Íslands og þeirrar aðgerðaáætlunar sem verður lögð fram á næstu vikum.
- b) Finna geðsviði og geðdeildum staðsetningu og ráðast strax í kjölfarið í hönnun og skipulagningu byggingar sem rúmar starfsemina á SV horninu. Horft verði til reynslu þeirra þjóða sem hafa verið að byggja nýjar deildir sl. misserin eða eru að því núna (t.d. Danir).

- c) Einnig verði ráðist í úttekt á húsnæði geðdeildarinnar á SAK og gera áætlun um hvernig færa megi deildina í átt að nútímanum hvað umbúðir og innihald snertir. Tímasettar tillögur að úrbótum verði lagðar fram eigi síðar en 1. september 2023.
- d) Að undirbúa lyfjalausa deild sem verði sett upp að norskri fyrirmynd eigi síðar en 1. september 2023.

Virðingarfyllst,

Stjórn landssamtakanna Geðhjálp

Umsögn um tillögu til þingsályktunar

um uppbyggingu geðdeilda

Sonja Rún Magnúsdóttir, verkefnastjóri, ráðgjafi og stjórnarmeðlimur hjá Grófinni Geðrækt

Tillaga þessi er mér mjög hugleikin og styð ég hana með öllu. Það er fráleitt að ætlast til að umræddar geðdeildir starfi áfram í sama horfi, þá sér í lagi vegna aukinnar aðsóknar og bæði lögbundinna krafa sem og vegna krafa samfélagsins. Eins og fram kemur í tillögunni hefur geðdeildin á Akureyri verið í sama horfi frá 1986 og aðrar jafnvel lengur en það. Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri var tekin upp sem bráðabirgðageðdeild og þykir mér undarlegt að lítið sem ekkert hafi verið gert í þessum málum í hátt í 40 ár.

Ég get ekki vitnað til geðdeildar Landsspítalans, en þrátt fyrir að starfsfólk á geðdeild SAK hafi gert allt í sínu valdi til að gera deildina notalega og aðgengilega er húsnæðiskosturinn hamlandi og eins og þetta er orðað í umsögn Geðhjálpar hér um árið, beinlínis bataletjandi. Gangarnir eru dimmir og herbergin köld og ónotaleg.

Mikilvægt er að koma því inn í tillöguna að einnig þurfi að gera ráð fyrir útisvæði á deildinni á Akureyri fyrir alla sem inniliggjandi eru. Vissulega er stutt í Lystigarðinn sem þykir mikill kostur en það er ekki greiður aðgangur að honum til dæmis fyrir einstaklinga sem eru sviptir sjálfræði og þá sem þurfa að hafa starfsmann með sér öllum stundum. Það þætti gagnlegt að vera með útisvæði þar sem starfsfólk hefur betri yfirsýn og er ekki staður ætlaður almenningi. Aðgerðir geðdeildarinnar á Akureyri í samstarfi við Sel sem snúa að því að koma einstaklingum í innlögn í meiri virkni eru dýrmætar og væri vert að skoða betri aðstöðu á öllum deildum til virkni, bæði skipulagðrar og óskipulagðrar.

Það sem mér fannst allra helst vanta í tillöguna eru mannauðsmálin, en með aukinni þjónustu og fleiri legurýmum liggur beint við að ráða þurfi meira starfsfólk og reyna að laga mönnunarvandann sem

nú þegar blasir við okkur. Húsakostur er að sjálfssögðu í fyrirrúmi en lítið er hægt að gera með meira pláss ef deildirnar eru ekki vel mannaðar.

Hin Norðurlöndin standa framarlega í geðheilbrigðismálum og það er mikilvægt að líta til þeirra til að fá hugmyndir og sjá hvað hefur virkað og hvað ekki, en einnig er mikilvægt að sníða framtíð geðheilbrigðismála á Íslandi eftir litlu þjóðinni okkar.

Virðingarfyllst,

Sonja Rún Magnúsdóttir, með stuðningi stjórnar Grófarinnar